



**Fosshótel - Íslandshótel hf.
Sigtúni 28
105 Reykjavík**

Selfossi, 11. janúar 2022
2112113HS MBG

Efni: Vegna tímabundinnar breytingar á starfsleyfi Fosshótel Núpum.

Þann 21. desember sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands starfsleyfisumsókn vegna tímabundinnar breytingar á starfsleyfi Íslandshótela hf. fyrir Fosshótel Núpum. Óskað er eftir tímabundinni breytingu á starfsleyfi Fosshótel Núpum til 1. janúar 2023 til samræmis við undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. 19. gr. í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti um að leyfa hleypa hundum í afmarkað rými (herbergi) hótelsins, sem Umhverfis- og auðlindaráðuneytið veitti í bréfi dagsett 15. desember 2021.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur því ákveðið að bæta eftirfarandi skilyrðum við starfsleyfi Fosshótel Núpum sem gefið var út 6. maí 2015. Ná starfsleyfisskilyrðin eingöngu til herbergja 1-10 í norðurálmum sem eru með sérútgang með palli sem snúa að bílastæði þar sem gestum hótelsins verður leyft að koma með hunda. Einnig ná þau yfir almenna upplýsinga- og tilkynningaskyldu rekstraraðila til viðskiptavina Fosshótel Núpum vegna ofangreindrar undanþágu og mögulegrar viðverðu hunda í hótelinu. Gildistími viðauka við útgefin starfsleyfisskilyrði er sá sami og ofangreind undanþágu ráðherra eða til 1. janúar 2023.

Viðauki við starfsleyfisskilyrði Fosshótel Núpum:

Starfsleyfisskilyrði þessi ná yfir herbergi 1-10 í norðurálmum.

1. Ábyrgðarmaður hunds skal vera 18 ára eða eldri og ber honum að tryggja að ekki sé farið með hunda nema á þau afmörkuðu svæði þar sem þeir eru sérstaklega leyfðir. Hver ábyrgðarmaður getur haft með sér einn hund til dvalar á gististaðnum. Ekki skulu fleiri en tveir hundar vera í hverju herbergi.
2. Ábyrgðarmaður hunds ber ábyrgð á hreinlæti í tengslum við hundinn og ber að hreinsa upp eftir hann sé þörf á því.
3. Ábyrgðarmaður hunda ber ábyrgð á að grípa til aðgerða sé þess þörf til að tryggja öryggi annarra gesta eða hunds.
4. Taka skal fram við bókun að hundur fylgi, þar sem sérstökum herbergum er úthlutað.



5. Fara skal með hunda inn og út um sérinnganga og óheimilt er að fara með hunda inn í sameiginleg rými, þ.m.t. gestamóttöku.
6. Hundar skulu vera í búri inn á herbergi.
7. Hundar skulu ekki valda öðrum gestum ónæði.
8. Við inn- og útritun skal hundurinn bíða bundinn úti eða í bíl.
9. Þrifaáætlun skal vera í samræmi við að hundur dvelji á hluta hótelsins og að það sé tryggt að sérstaklega sé þrifið eftir dvöl hunda þar í hvert sinn.
10. Taka skal fram í markaðssetningu hótelsins, við bókun gistingar og á vefsíðu þess að hundar séu leyfðir í afmörkuðum hluta hótelsins, svo aðrir gestir geti tekið upplýsta ákvörðun áður en þeir panta gistingu á hótelinu.
11. Upplýsa skal aðra gesti hótelsins með sýnilegum hætti um að hundar séu leyfðir á afmörkuðum svæðum hótelsins.
12. Upplýsa skal gesti með greinilegum hætti í fjórar vikur eftir að undanþága fellur úr gildi að hundur hafi verið í húsnæðinu og á tilteknu herbergi.
13. Ábyrgðarmaður hunds ber almenna ábyrgð á hundi sínum.
14. Þrifaáætlun á herbergjum og göngum skal vera í samræmi við að hundar dvelji á hluta hótelsins og að það sé sérstaklega þrifið eftir dvöl hunda þar í hvert sinn.
15. Fara skal eftir samþykktum um hundahald í Skaftárhrepp.

Auk þess skal rekstraraðili fara eftir þeim skilyrðum sem Íslandshótel ehf. settu í bréf 26. nóvember 2021 til Umhverfis- og auðlindaráðuneytið og skilyrði sem Umhverfis- og auðlindaráðuneytið setur í bréfi dagsett 15. desember 2021.

Ofangreint tilkynnist hér með.

Vísað er í lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

Hafi fyrirtækið einhverjar athugasemdir fram að færa við ofangreint, óskast þær sendar skriflega til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Austurvegi 65a, Selfossi, innan tveggja vikna frá dagsetningu þessa bréfs.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

María Berg Guðnadóttir
heilbrigðisfulltrúi